

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata í velferðarráði

Meirihlutinn í velferðaráði óskar eftir því að velferðarsvið greini frá því hvers vegna ekki hefur enn komið tillaga frá sviðinu í samræmi við tillögu sem samþykkt var 2. nóvember 2022 þar sem sviðinu í samráði við Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar var falið að finna hentugra og hagkvæmara húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs til að brúa bilið þar til framtíðar húsnæði sem er á fjárhagsáætlun er tilbúið.

Greinargerð:

Húsnæðið sem úrræðið Mánaberg er starfrækt í er of lítið til að mæta þjónustubörfinni og komið til ára sinna. Mikilvægt er að fundið sé annað og stærra húsnæði sem fyrst til þess að úrræðið geti áfram þjónustað þau börn og þær fjölskyldur sem þess þurfa á meðan beðið er eftir framtíðarhúsnæði fyrir úrræðið.